


Safnaðarblað Glerárkirkju

2. tbl. 16. árg.

Október 2003



Vorið í kirkjunni

Þegar tekur að hausta og gróður jarðar býr sig undir vetrarhvíldina verða kaflaskil i menningarlifi samfélagsins. Þannig er því einnig varið um lífið í kirkjum landsins. Mikil gróska er víða í safnaðarstarfi og fjölbreytnin eykst ár frá ári. Allt er þetta samkvæmt þeim vilja og í þeiri viðleitni að mæta fólk í aðstæðum nútíðarinnar og að gera boðskapinn aðgengilegri. Allt er það af hinu góða, en breytir þó ekki þeim staðreynnum að flest berum við ábyrgð á eigin viðbrögðum. Hvað gerum við þegar Kristur kallar? Hvert er okkar svar í orði og verki?

Í þessu litla blaði viljum við minna á nokkra liði í hinu fjölbætta starfi sem er að hefjast í Glerárkirkju á þessu hausti og hvetja þig lesandi góður til þátttöku. Kirkjan þín er það samfélag trúarinnar sem Kristur Jesús stofnaði til. Þar veitir hann öllum sem til hans vilja koma andlega næringu sem varir. Sú næring veitir heilnæma lifssýn, nýtt og heilt hjarta og stöðugan anda.

Myndin hér á síðunni fylgir barnaefni vetrarins. Hún á að minna á að það samfélag trúarinnar, sem kirkjan á að vera, er á ferð í gegnum tímann. Myndin minnir á að við mannfólkid erum af ýmsum gerðum og ólik og lík í senn, en eigum þó fyrir Guðs handleiðslu hið sama markmið. Lífsins ólgusjór getur á stundum orðið viðsjálverður, en huggun og gleði er okkur í vitundinni um að Kristur er með í för. Framundan bíður okkar guðsríkið góða, sem fyrir trúna er þegar tekið að vaxa í hjörtum allra Guðs barna.

Í bæn um Guðs blessun og von um að fá að sjá þig í kirkjunni í veturni.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Nýr prestur í Glerárkirkju

Pann 1. september s.l. fjölgaði prestum Glerárkirkju og eru þeir nú tveir. Sr. Gunnlaugur Garðarsson sóknarprestur og nýji presturinn, Sr. Arnaldur Bárðarson.

Sr Arnaldur er 37 ára Akureyringur, alinn upp á Norðurbrekkunni í Löngumýrinni. Foreldrar hans eru Bárður G. Halldórsson fv. menntaskólakennari og Álfhildur Pálsdóttir kennari. Sr. Arnaldur er kvæntur Ingibjörgu Jóhannsdóttur og eiga þau fimm syni. Sr. Arnaldur var fræðslufulltrúi kirkjunnar á Norðurlandi á árunum 1992- 1996, síðan prestur á Raufarhöfn í eitt ár og prestur í Ljósavatnsprestakalli með búsetu á Hálsi í Fnjóskadal frá vordögum 1997. Auk þess hefur sr. Arnaldur starfað sem grunn- og framhaldskóla-kennari í hinum ýmsu skólum.

Íbúum sóknarinnar hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum og teljast nú riflega sjö þúsund. Því var löngu tíma-bært að fjölgja prestum við sóknina til að efla og styrkja starfið.

Starfið í kirkjunni

Mömmumorgnar í Glerárkirkju

Eitt af því sem tilheyrir vetrarstarfi Glerárkirkju eru mömmumorgnar. Opið hús verður fyrir foreldra og börn alla fimmtudagsmorgna í vetur frá kl. 10-12. Stjórnina í vetur skipa þær sömu og síðasta vetur, Anna Guðný Egilsdóttir og Pia Maud Petersen, en þær hafa sér til samráðs Þórhildi Þórhallsdóttur (ráðskonu) í kirkjunni. Nú í haust bættist Íris Huld Heiðarsdóttir í hópinn.

Nog er af leikföngum fyrir börnin að dunda við á meðan foreldrar spjalla saman og kynnast hvort öðru. Boðið er

upp á safi fyrir börnin og kaffi eða te fyrir fullorðna. Þetta er mjög skemmtileg leið fyrir bæði börn og fullorðna til að komast aðeins út og kynnast öðrum. Við fáum ýmsa aðila í heimsókn sem flytja okkur stutt fræðsluerindi og þar gefst einnig teki-færi til að koma með fyrirspurnir. Auglýst verður vikulega í Dag-skránni hvað er í gangi hverju sinni. Þar sem um opið hús er að ræða eru allir velkomnir.



Alfanámskeið - góðar stundir í kirkjunni þinni

I vetur verður boðið upp á Alfanámskeið í Glerárkirkju en slík námskeið fara nú sigurför um heiminn. Alfa er 10 vikna námskeið um kristna trú. Hver samverustund hefst með sameiginlegum kvöldverði þá er kennsla í um 40 mínútur og síðan umræður og að lokum stutt helgistund.

Námskeiðið er kjörið fyrir alla þá sem vilja fræðast um kristnina og viðhorf hennar til margvislegra mála samtíðarinnar. Alfanámskeiðunum er í

senn ætlað að fræða og styrkja og byggja fólk upp til betra og innihalds-ríkara lífs þar sem glímt er við grund-vallarspurningar lífsins auch þess sem námskeiðin bjóða upp á skemmtilegt samfélag fólks. Námskeiðin verða á miðvikudagskvöldum í vetur frá kl 19.30 til 22.00.

Kynningarfundur verður miðvikudaginn 8. október kl 19.30.

Umsjónarmaður er Sr. Arnaldur Bárðarson.

Kór Glerárkirkju

Kór Glerárkirkju er blandaður kór sem var stofnaður árið 1944 og hét þá Kirkjukór Lögmannshlíðarsóknar. Kórinн fagnar því sextíu ára afmæli á næsta ári. Kórimn hefur það að aðalmarkmiði að syngja við athafnir í Glerárkirkju og halda tónleika með reglulegum hætti auk þess sem hann kemur fram við ýmis tækifæri og hafa leiðir hans legið víða, meðal annars til útlanda. Fyrsti stjórnandi kórsins var Áskell Jónsson frá Mýri í Bárðardal, sem stjórnandi honum allar götur fram til ársins 1987 er Jóhann Baldvinsson var ráðinn organisti við Glerárkirkju. Árið 1997 tók svo nú-verandi söngstjóri, Hjörtur Steinbergsson, við. Í kórnum eru nú 35 manns.

Meðal stærri verkefna, sem kórimn hefur tekist á við, má nefna Messu í G dýr e. Franz Schubert (1981) undir stjórn Áskels Jónssonar, Þýska messu e. Franz Schubert (1992) undir stjórn Jóhanns Baldvinssonar, Requiem (Sálumessu) e. W.A. Mozart (1996) með Sinfóniuhljómsveit Norðurlands undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar, Messe Solennelle e. Charles Gounod

Sr. Arnaldur Bárðarson, Sólrún
Haralddóttir, Katrín Möller;
Ásta Magnúsdóttir, Ósk Sigurðardóttir
og sr. Gunnlaugur Garðarsson.



(1999)

og Messa di
Gloria e. Giacomo

Puccini (2001) í samvinnu við
fleiri kóra á Eyjafjarðarsvæðinu og Sin-
fóniuhljómsveit Norðurlands undir
stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar,
að ógleymdum Requiem op. 48 e.
Gabriel Fauré (2002) og Misa Criolla e.
Ariel Ramirez (2003) undir stjórn númerandi
söngstjóra, en tvö síðasttoldu
verkin hyggst kórinn flytja aftur á tón-
leikum í Reykjavík og á Akureyri næsta
vetur í tilefni af 60 ára afmæli sínu.


Kórinn er nýkominn úr söngferða-
lagi um Austurland, þar sem hann hélt
tónleika á premur stöðum, í Egilsstaða-
kirkju, Seyðisfjarðarkirkju og í Egilsbúð
á Neskaupsstað. Efnisskráin var mjög
fjölbreytt og skemmtileg, íslensk þjóð-

lög og sönglög, bítlalög, madrigalar,
afrísk-amerísk trúartónlist og margt
fleira. Einsöngvari á þessum tónleikum
var einn félagi úr kórnum, Jón Eðvarð
Ingólfsson, Daniel Þorsteinsson fór
hamförum á flygilinn og Hjörtur Stein-
bergsson stjórnaði öllu saman. Var góður
rómur gerður að söng kórsins. Ferðin
tókst í alla staði afar vel og skemmtu
flytjendur og áheyrendur sér hið
besta. Á Seyðisfirði skelltu við
okkur á ball með Geirmundi Val-
tíssyni og dönsuðum langt fram á
nótt.

Til gamans grípum við hér
niður í gagnrýni, sem Ívar Aðal-
steinsson, tónlistarkennari á Akur-
eyri, skrifaði í Morgunblaðið eftir
að hafa hlustað á kórinn er hann
kom fram á lokatónleikum á Kóra-
stefnu í Mývatnssveit 15. júní í vor:

„Eftir hléið hélt Kór Glerárkirkju
áfram og nú voru afrísk-amerískir sálmar
á efnisskránni. Byrjað var á Deep
River við geðþekkan undirleik Daniels
Þorsteinssonar. Kórinn blómstraði þeittur,
samtaka og rytmískur og sönggleðin
leyndi sér ekki, og ekkert síður í næstu
lögum: Poor man Lazarus, Nobody
knows, Swing low, Joshua fit the Battle
of Jericho og Certainly Lord. Flutningurinn
var oft stórglæsilegur og hrífandi og
skær rödd Hauks Steinbergssonar, sem
söng einsöng í tveimur síðasttoldu verk-
unum, fíll vel að hljómi kórsins. Frábærla-
ga útsærður meðleikur Daniels kórón-
aði svo allt eyrnakonfektið.“

Þeim sem hafa áhuga á að slást í
hópinn er bent á að hafa samband við
söngstjórann, Hjörtur Steinbergsson, í
síma 862 2316.



Andlegt ferðalag og Tólf sporin

Boðið verður upp á **Tólf sporin - andlegt ferðalag** - í Glerárkirkju í
vetur, á mánuðögum kl. 20.00. Um er að
ræða námskeið eða vinnuferli þáttakenda þar sem rætt er um lífið og
tilveruna.

Tólf spora vinna hentar öllum þeim
sem í einlægni vilja dýpka sínar til-
finningar og öðlast betri líðan og meiri
lífssyllingu og hefur slík vinna í litlum
hópum reynst mjög góður vettvangur.
Í lokin á hverjum fundi er helgistund
í kapellunni.

Fyrstu þrír fundirnir eru opnir, þ.e.
29. sept., 6. og 13. okt., þannig að þó að
fyrsti fundurinn sé búinn er ennþá
tækifari til að koma og vera með.

Þáttakendur frá liðnum vetri hafa
lýst yfir mikilli ánægju með nám-
skeiðið. - Pórhildur og Sigríður



Fyrirhuguð er útgáfa á bók um sögu
kvenfélagsins Baldursbrá í tilefni 85
ára félagsins 8. júní 2004. Guðrún Sig-
urðardóttir hefur tekið bókina saman.

Nýir félagar eru ávallt velkomnir í
félagið.

Eh. stjórnar,
Hildur Marinósdóttir, varaformaður.

Kvenfélagið Baldursbrá

Vetrarstarf félagsins er hafið og eru
fundir einu sinni í mánuði í Glerá-
kirkju.


Eins og áður er félagið með ýmis-
konar fjárlunarstarfsemi og rennur
ágóðinn til líknarmála. Einnig hugsum
við um að gefa kirkjuna okkar eins og
steindi glugginn fyrir ofan aðalinn-
ganginn ber vitni um.

Í byrjun vetrar er fyrirhugað bingó
og skrautskriftarnámskeið, 30. des.

verður jólaball fyrir börnin og verður
það auglýst nánar síðar.

Félagskonur koma saman á fimmtudagskvöldum í Glerárkirkju (sal niðri)
og eru með ýmiskonar handavinnu.
Við þurfum líka að gera eithvað fyrir
okkur sjálfar, þá erum við sterkari í að
hjálpa öðrum. 11. okt.n.k. höldum við
árshátið á Hótel Norðurljós á Raufar-
höfn með vinakvenfélagi okkar sem er
Kvenfélag Raufarhafnar.

Athafnir í Glerárkirkju í október og nóvember



Sunnudagur 5. október

Barnasamvera kl 11
Guðsþjónusta kl 11

Sunnudagur 12. október

Barnasamvera kl 11
Messa kl 11

Fimmtudagur 16. október

Samvera eldri borgara kl 15
Ræðumaður: Prófessor
Sigríður Halldórsdóttir

Sunnudagur 19. október

Barnasamvera kl 11
Messa kl 11

Sunnudagur 26. október

Fjölskylduguðsþjónusta kl 11

Sunnudagur 2. nóvember

Barnasamvera kl 11
Messa kl. 14

Sunnudagur 9. nóvember

Barnasamvera kl 11
Guðsþjónusta kl 11

Fimmtudagur 13. nóvember

Samvera eldri borgara kl 15

Sunnudagur 16. nóvember

Barnasamvera kl 11
Messa kl 11

Sunnudagur 23. nóvember

Barnasamvera kl 11
Guðsþjónusta
Lögmannshlíðarkirkju kl 14

Sunnudagur 30. nóvember

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11

Munið!

Opið hús fyrir foreldra og börn alla fimmtudaga kl. 10-12.
Kyrrðar- og tilbeiðslustund alla þriðjudaga kl. 18.10.
Hádegissamvera alla miðvikudaga frá kl. 12-13.

Glerárkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni **þriðjudaga** og **fimmtudaga kl. 16.30-17.30** og á **miðvikudögum** og **föstudögum kl. 11-12** og **eftir samkomulagi**.

Simar: Í kirkju **464 8808**, fax **464 8809**, heima **462 7676** og GSM **864 8455**. Netfang: srgunnlaugur@simnet.is

Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalstímar í kirkjunni **mánudaga** til **fimmtudaga kl. 11-12** og **eftir samkomulagi**.

Simar: Í kirkju **464 8802**, heima **462 6605** og GSM **864 8456**.

Netfang: arnaldur@glerarkirkja.is

Starfsmenn við Glerárkirkju:

Umsjónarmaður er **Sverrir Pálason**.

Hann er við daglega kl. **11-16**. Sími **464 8800**.

Heimasími hans er **462 2491** & GSM **864 8453**.

Organisti er **Hjörtur Steinbergsson**.

Sími **464 8804** & GSM **862 2316**.

Ráðskona er **Pórhildur Þórhallsdóttir**.

Heimasími hennar er **462 4258** & GSM **862 4258**.

Kirkjuverðir eru **Bertha Bruvik** sími **865 4556** og

Jón Oddgeir Guðmundsson sími **894 4301**.



Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: ghs • Prentvinnsla: Alprent.